

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Ársskýrsla 2021

Yfirlit

Árið 2021 markaðist verulega af heimsfaraldri farsóttar. Safnið var lokað frá 10. október 2020 til 7. maí 2021 og sumartónleikar féllu niður annað árið í röð. Þann 1. desember tók Rekstrarfélagið Gríma ehf. (kt. 420721-0130) við rekstri Listasafns Sigurjóns Ólafssonar úr höndum Listasafns Íslands samkvæmt útvistunarsamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið dagsett 10. nóvember 2021. Gildir hann í 5 ár, til og með 31. nóvember 2026.

Sýningar

Sjón er sögu ríkari

19.10.19–30.11.21

Sýning á verkum Sigurjóns Ólafsson tileinkuð heimsóknnum skólabarna og foreldra þeirra. Fjölbreytt verk eftir Sigurjón, bæði náttúralísk verk og afstraksjónir, allt frá námsárum hans við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn og þar til hann lést í Reykjavík. Vakin var athygli á fræðsluefni fyrir grunnskólanema sem safnið útbjó fyrir réttum áratug og nefndist *Farvegur myndlistar til framtíðar*. Þar eru verkefni fyrir nemendur sem fjalla um mörg verk á sýningunni. Tilgangur fræðslupakkans er sá að grunnskólakennarar geti nýtt sér rafræna listaverkaskrá safnsins til kennslu og kynnt þannig listaverk Sigurjóns fyrir nemedum hvar sem er á landinu.